# TILRAUN Í HAFBEIT (RR-56)
# (ÁFANGASKÝRSLA 3)

JÓNAS JÓNASSON

VEIÐIMÁLASTOFNUN
Fiskrækt og fiskeldi • Rannsóknir og ráðgjöf.

Veiðimálastofnun, janúar 1988

VMST-R/88001

## Tilraun í hafbeit.(RR-56)

(Áfangaskýrsla 3)

Tilraun no.86.87-0056S

Nú hafa öll gönguseiði úr þessum fjölskylduhópum verið örmerkt og hafa verið sett í útitjarnir á kalt vatn. Verða þau þá tilbúin til sleppingar næsta vor. Tilraunin fram að þessu hefur gengið samkvæmt áætlun. Merktir hafa verið 24 hópar alls um 20.000 seiði. Í vinnslu eru niðurstöður af vexti á seiðastigi og er gert ráð fyrir að þær fari fram á Rala.
Komið hefur verið á tölvutengingu milli Laxeldisstöðvarinnar og Rala. Þetta var gert á þann hátt að keypt var símamodem. Í gegn um það er síðan hægt að tengja tölvur í Kollafirði og á Rala. Hægt er að senda gögn á milli og einnig nota tölvuna sem útstöð við Ralatölvuna. Þetta gerir kleift að vinna við Ralatölvuna í Kollafirði. Þegar fram í sækir verður þetta til verulegrar hagræðingar varðandi kynbætur í hafbeit.

### Yfirlit yfir fjármál.

Í allt hafa komið 874.000 kr. á árinu 1987 og er það fyrir verkefnið sem var samþykkt 1986 (174.000 kr.) og það sem var samþykkt 1987 (700.000 kr.). Af þessu hafa verið greidd alls 774.492.70 kr. sem skiptast þannig.

| | |
|---|---|
| Laun | 455.482.00 |
| Fóður | 20.477.00 |
| Fóðrarar | 112.651.20 |
| Ker | 167.200.00 |
| Ýmislegt | 19.682.50 |
| Alls | 774.492.70 |

Verkefnið á eftir að greiða reikninga sem tengjast tölvunni og tölvutengingunni milli Kollafjarðar og Rala.
Einnig eru ógreidd laun sem tengjast úrvinnslu verkefnisins.

Eins og kom fram í síðustu áfangaskýrslu er hafin bygging á kynbótahúsi í Kollafirði sem kemur til með að nýtast undir enn stærra verkefni að þessu tagi sem nú þegar er hafið. Það verkefni sem styrkt var af Rannsóknarráði 1986 og 1987 hefur gert það mögulegt að kynnast í smáum stíl vinnubrögðum í kynbótum laxfiska auk þess að gefa þegar fram í sækir vísbendingar um árangur í kynbótum hafbeitar.

Bestu Kveðjur

Jónas Jónasson
Verkefnisstjóri